

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga fristundabyggðar í Munaðarnesi, Borgarbyggð.

Breytingarnar felast í því að bætt er við fjórum lóðum við Jötunaróðsás auk þess sem settar eru inn fjórar lóðir við Litla Ás.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulaginu.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 16. apríl 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

4. apríl 2003

Nr. 302

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Atlantsólíu við Óseyr-
arbraut í Hafnarfirði, kt. 590602-3610. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla
laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa
þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. apríl 2010.

Umhverfisstofnun, 4. apríl 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

9. apríl 2003

Nr. 303

REGLUGERÐ

um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans.

1. gr.

Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2003-2005 varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. Skal verja til þessa verkefnis 200 milljónum króna á ári fyrstu tvö árin en 135 milljónum króna árið 2005.